

REGLUGERÐ

um stofnkostnað skólamannvirkja.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til greiðsju stofnkostnaðar skólamannvirkja er falla undir ákvæði laga nr. 63/1974, um grunnskóla og ákvæði laga nr. 49/1967, um skólakostnað, að því leyti sem ákvæði þeirra laga eru ekki úr gildi felld með síðari laga-setningu.

2. gr.

Sé þess beiðst af sveitarfélagi að menntamálaráðuneytið geri tillögu um framlög í fjárlögum næsta árs um þátttöku rikissjóðs í stofnkostnaði skólamannvirkja, skulu umsóknir ásamt frumathugun berast ráðuneytinu fyrir 1. júní, hvort sem um er að ræða fyrsta framlag til framkvæmdar eða endurnýjaðar umsóknir.

3. gr.

Í frumathugun skal gerð grein fyrir núverandi aðstöðu til kennslu á því svæði sem skólamannvirkjum þessum er ætlað að þjóna.

Gerð skal grein fyrir væntanlegu skólaskipulagi og nemendafjölda áætlaður fyrir fimm fyrstu árin eftir að væntanleg skólamannvirki koma í notkun.

Greina skal frá aðstöðu á þeim stað eða stöðum þar sem fyrirhugað er að reisa mannvirkin.

Lýsa skal samgöngumálum skólasvæðisins og gerð grein fyrir samgöngubótum, sem æskilegar væru skólans vegna og einnig hvort hin fyrirhuguðu skólamannvirki gætu að einhverju fullnægt almennum þörfum á sviði félags- og íþróttamála.

4. gr.

Ef um er að ræða breytingu á eða viðbyggingu við skólamannvirki skal, eftir því sem við á, fara eftir ákvæðum þessarar reglugerðar.

5. gr.

Ef menntamálaráðuneytið getur ekki faliist á umsókn sveitarfélags skal það tilkynnt aðila skriflega og bent á hverju sé áfált að dómi ráðuneytisins. Fallist ráðuneytið á umsókn skal það áæla húsrými samkvæmt gildandi húsrýmisreglum („normum“) og gera aðila skriflega grein fyrir væntanlegum tillögum sínum um fjárframlög úr rikissjóði.

Æski sveitarfélag stækkunar frá framangreindri húsrýmisáætlun skal leggja fram skriflega áætlun um þá stækkun og greinargerð um ástæður, svo og kostnaðaráætlun vegna hennar og hver greiði þann kostnað sem hlýst af stækkuninni.

6. gr.

Sveitarstjórn getur ákveðið listskreytingu skólamannvirkja með samþykki menntamálaráðuneytisins og telst kostnaður, sem af því leiðir, til stofnkostnaðar.

Má verja í þessu skyni fjárhæð er nemur allt að 2% af áætluðum stofnkostnaði skólamannvirkis miðað við reglur byggingardeildar ráðuneytisins.

7. gr.

Eftir að ráðuneytið hefur fallist á umsókn og gerð hefur verið og samþykkt af báðum aðilum húsrýmisáætlun samkvæmt 5. gr. ráða sveitarstjórnir sérfræðinga með skriflegum samningi til þess að gera uppdrætti og vinna aðra sérfræðilega undirbúningsvinnu. Skal samningurinn aðeins ná til þess eða þeirra byggingaáfangna sem samþykkt hefur verið að reisa, sbr. einnig húsrýmisáætlun samkvæmt 5. gr. og skal í honum m. a. kveðið á um skilátíma og frágang uppdráttanna, þóknun og önnur fjármálaleg viðskipti við sérfræðinga.

Undirbúningi hönnunar telst lokið með því að sveitarstjórnir leggja fyrir ráðuneytið eftirtalin gögn:

- a) Húsrýmisáætlun sbr. 5. gr.
- b) Skriflegan samning við sérfræðinga sbr. framangreint.
- c) Staðfest skilríki um að uppmælt og afmarkað landrými, sbr. staflíð e, sé fyrir hendi kvaðalaust.
- d) Staðfest skilríki um að vatnsréttindi séu tryggð og að samið hafi verið um afnot af jarðhita ef fyrir hendi er, svo og vottorð um efnafræðilega rannsókn á heitu og köldu vatni.
- e) Afstöðumynd og útmælingu lóðar með hæðarmálum bygginga að aðliggjandi samgönguæðum og upplýsinga um tengingar við veitukerfi.
- f) Samvinnusamning milli sveitarfélaga ef fleiri en eitt standa að framkvæmdinni.
- g) Önnur gögn sem menntamálaráðuneytið kann að ákveða sérstaklega.

8. gr.

Þegar menntamálaráðuneytið hefur fallist á gögn varðandi undirbúning, sbr. 7. gr., má hefja hönnun og áætlanagerð sem skiptist í tvo þætti.

Til fyrri þáttar telst:

- a) Gerð uppdráttanna af fyrirhuguðu mannvirki (bygginganefndarteikningar), afstöðumynd, grunnmyndir, sneiðingar og útlit. Uppdrættir af húsum skulu vera í mælikvarða 1:100 með árituðu nettó flatarmáli allra herbergja og húshluta. Heildarstærð gólfhlata skal tilgreind bæði samkvæmt nettó og brúttó flatarmáli.
- b) samanburður menntamálaráðuneytisins á uppdráttum skv. a-lið og húsrýmisáætlun (sbr. 5. gr.) og útreikningur á þeim hluta áætlaðs byggingarkostnaðar sem framlag ríkissjóðs mun miðast við.
- c) Lýsing á fyrirhuguðu mannvirki þar sem fram komi helstu atriði varðandi gerð þess, svo sem gerð grunns og undirstöðu, byggingarefni, burðarvirki, frágangur veggja, lofta og gólfa, hitakerfi, rafkerfi, fjarskiptakerfi, loftræstingu, þakgerð og önnur þau atriði sem að mati ráðuneytisins skipta máli m. t. afnota og byggingarkostnaðar.
- d) Frumáætlun um allan kostnað við bygginguna, hönnun, framkvæmdir, stjórnun, búnaðarkaup og lóðagerð.
- e) Tíma- og greiðsluáætlun um framkvæmd verksins og greinargerð sveitarstjórna um hvernig tryggð verði fjárframlög þeirra.
- f) Tillaga sveitarstjórna um listskreytingu, sbr. 6. gr., ef gerð er.

Þegar menntamálaráðuneytið og viðkomandi sveitarstjórnir hafa samþykkt framantalin gögn skulu sveitarstjórnir sjá um að fá samþykki viðkomandi bygging-

aryfirvalda á uppdráttum og leggja fram staðfestingu þeirra um að uppdrættir séu í samræmi við lög og reglugerðir.

9. gr.

Þegar fyrri þætti hönnunar og áætlunargerðar, sbr. 8. gr., er lokið og fjárframlög tryggð með fjárveitingum í fjárlögum og yfirlýsingu sveitarfélaga um fjárframlög skal gerður samningur milli þeirra og ráðuneytisins um greiðslur. Að samningi undirrituðum hefjist síðari þáttur hönnunar og áætlunargerðar en til hans telst:

- a) Gerð vinnuteikninga og sérteikninga eftir því sem þörf krefur og ráðuneytið ákveður.
- b) Afstöðumynd og teikning af lóð í mælikvarða 1:500 með hæðarlínunum, áttum, stígum, götum, leikvöllum, bílastæðum, hjólastæðum, skólagarði og íþróttasvæði. Síndar skulu aðliggjandi samgönguleiðir og af skipulagsskyldum svæðum fylgi uppdráttur af svæðinu þar sem mannvirki eru teiknuð inn á.
- c) Nákvæm verklýsing og efnisáætlun.
- d) Nákvæm og sundurliðuð kostnaðaráætlun.
- e) Endurskoðuð tíma- og greiðsluáætlun.
- f) Skriflegt samþykki viðkomandi bygginganefndar, eldvarnareftirlits og heilbrigðisnefndar.

Óheimilt er að hefja verklegar framkvæmdir eða gera bindandi samninga við verksala fyrr en ákvæðum 8. og 9. gr. hefur verið fullnægt að mati ráðuneytisins.

10. gr.

Framlög ríkissjóðs til byggingar skólamannvirkja skulu ákveðin í greiðslusamningum, sbr. 9. gr., og miðast við kostnaðaráætlun er gerð skal á grundvelli reglna (norma) menntamálaráðuneytis um stærðir og gerð skólahúsnaðis sem gefnar verða út sér.

Kostnaðaráætlun sundurliðast þannig:

- a) Beinn byggingarkostnaður með álagi fyrir hönnun, stjórnun o. fl. (sbr. 11. gr.).
- b) Kostnaður vegna kaupa á stofnbúnaði (sbr. 12. gr.).
- c) Kostnaður við gerð lóðar og leikvalla (sbr. 13. gr.).
- d) Kostnaður við listskreytingu (sbr. 6. gr.).

11. gr.

Beinn byggingarkostnaður skólarýmis er áætlaður miðað við stærð þess og skal því skipt í:

1. Rými heimangöngu- og heimanaksturskóla eins og það er skilgreint í reglum (normum), sbr. 10. gr.
2. Heimavistarrými nemenda og íbúða þess starfsfólks sem þarf vegna heimavistar samkvæmt ákvæðum reglna (norma), sbr. 10. gr.
3. Rými vegna íbúða kennara umfram það sem fellur undir staflíð 2.
4. Annað rými sem ríkisþátttaka er viðurkennd í samkvæmt sérstöku samkomulagi hverju sinni.

Beinn byggingarkostnaður er áætlaður kr. 70 000.00 á hvern vergan (brúttó) fermetra gólfplatar. Er þá miðað við vísitölu byggingarkostnaðar 100 stig samkvæmt lögum nr. 93/1975 og breytist sú tala í hlutfalli við breytingar vísitölnunnar. Á rými samkvæmt tölulíð 1 reiknast 15% álag vegna hönnunar, áætlanagerðar, stjórnunar, veitna og heimæða og annars almenns kostnaðar. Á rými samkvæmt tölulíð 2 er álag þetta 10% en 5% á annað rými.

Vegna flutningskostnaðar á efni og byggingarmönnum má reikna allt að 5% álag eftir því sem fjarlægðir segja til um og allt að 7% álag vegna kostnaðar við mótuneyti byggingarmanna og dvalaraðstöðu á byggingarstað. Álög þessi reiknast á grunntölu beins byggingarkostnaðar og breytast í samræmi við hana. Sveitarstjórnir skulu gera nákvæma og sundurliðaða áætlun um flutningskostnað, kostnað við mótuneyti og dvalaraðstöðu.

Vegna húsrýmis, sem viðurkennt er að ríkissjóður taki þátt í að greiða, skal framlag ríkissjóðs vegna beins byggingarkostnaðar vera 50% áætlaðs byggingarkostnaðar með umsömdum álögum fyrir rými undir tölulíð 1, 85% eða 100% fyrir rými undir tölulíð 2, sbr. 7. gr. laga nr. 49/1967, 50%—75% fyrir rými undir tölulíð 3 og eftir samkomulagi hverju sinni fyrir rými sem fellur undir tölulíð 4.

Nú er ákveðið að byggja skóla í áföngum, skal þá áætla þátttöku ríkissjóðs að hundraðshluta fyrir alla áfanga samanlagt og verði greiðsluhlutfall hið sama í öllum áföngum án tillits til timaröðunar framkvæmda eða fyrir hvern áfanga um sig ef þess er beiðst og henta þykir.

12. gr.

Ekki síðar en einu ári áður en fyrirhugað er að taka skólamannvirki í notkun skulu sveitarfélög láta semja og verðleggja stofnbúnaðarskrá með hliðsjón af viðmiðunarskrá ráðuneytisins og leggja hana fyrir ráðuneytið til samþykktar. Ríkissjóður endurgreiðir sveitarfélögum jafnóðum við framvísun staðfesta reikninga hluta sinn, enda séu reikningsfjárhæðir í samræmi við áður samþykktar og verðlagða stofnbúnaðarskrá.

13. gr.

Um framkvæmdir vegna leikvalla, íþróttaaðstöðu utanhúss og lóðalögun við skóla skulu sett sunduliðuð ákvæði í samning, sbr. 9. gr. Samþykki menntamálaráðuneytið kostnaðaráætlun vegna þessa er greiðsluþátttaka ríkissjóðs 50% miðað við samþykktar fjárhæð af framvísuðum og staðfestum reikningum, enda séu reikningar í samræmi við áður samþykktar áætlun og breytingar á henni í samræmi við breytingu á vísitölu byggingarkostnaðar.

14. gr.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu að samþykkja 50% þátttöku ríkissjóðs í áætluðum stofnkostnaði húsrýmis sem er stærra en viðmiðunarreglur um skólahúsnæði kveða á um þegar svo stendur á að með því megi koma til móts við brýnar þarfir sveitarfélaga um húsnæði til almennra íþróttar-, félags- og æskulýðsstarfa. Þessar heimildir miðast við eftirfarandi stærðir:

1. Þátttaka ríkissjóðs í húsnæði til almenns félagsstarfs miðist að hámarki við 50 ferm. að viðbættum 0,1 ferm. á hvern íbúa á því svæði sem húsnæðið verður til afnota fyrir, hámarksstærð 150 m².
2. Þátttaka ríkissjóðs í stækkun á leikfimisal miðast við 202½ ferm., enda sé íbúafjöldi þess eða þeirra sveitarfélaga, sem salinn nota, minnst 500.

Þar sem íbúar tveggja eða fleiri sveitarfélaga geta að mati menntamálaráðuneytisins notað sama íþróttasal fyrir almenna íþróttastarfsemi skal stækkun þessi aðeins heimiluð við einn skóla. Skulu sveitarfélög þessi sameiginlega gera tillögu um hvar stækkunin skuli heimiluð. Verði ekki um það samkomulag sker menntamálaráðuneytið úr.

Þar sem sveitarfélag starfrækir marga skóla skal heimild þessari aðeins beitt einu sinni fyrir allt að 10 000 íbúa og tvisvar séu íbúar 10 000 — 20 000 o. s. frv.

3. Þátttaka ríkissjóðs í stækkun áhorfendasvæðis miðast að hámarki við 30 m² við hverja salareiningu.
4. Heimilt er að greiða framlag úr ríkissjóði vegna gufubaðsstofu 8 ferm. við eina salareiningu, 12 ferm. fyrir tvær salareiningar og 16 ferm. fyrir þrjár eða fleiri salareiningar.

Þátttaka ríkissjóðs í byggingarkostnaði samkvæmt þessum heimildum er háð því:

- a) Að ekki sé fyrir hendi húsnæði ætlað til sömu nota og byggt með framlagi eða styrk úr ríkissjóði eða með hliðstæðum ríkisframlögum.
- b) Að við síðari byggingu á sérstöku húsnæði til þessara nota með styrk frá ríkinu verði tekið tillit til þess húsnæðis sem byggt er með skólanum og komi það til frádráttar á styrkhæfu húsnæði síðar, að því marki sem það þjónar sama tilgangi.

15. gr.

Æski sveitarfélag eða sveitarfélög þau sem skóla reka að byggja húsnæði samkvæmt framangreindum heimildarákvæðum og/eða stækka það umfram það sem þar er miðað við, skulu eftirfarandi reglur gilda:

- a) Sveitarfélög sem hlut eiga að máli leggja fyrir byggingadeild menntamálaráðuneytisins tillögu að stærð húsa. Tillögu þessari skal fylgja sundurliðuð húsrýmisáætlun er sýni húsrými vegna skóla og húsrými umfram það. Einnig fylgi frumkostnaðaráætlun og áælluð skipting milli greiðsluaðila.
- b) Áður en teiknivinna hefst skal gengið frá samkomulagi um skiptingu kostnaðar milli greiðsluaðila.
- c) Að því leyti sem byggingin eða byggingaráfanginn er stærri en samrýmist reglum um greiðsluþátttöku ríkissjóðs, þá er byggingarkostnaður ríkissjóði óviðkomandi.
- d) Framkvæmdir samkvæmt þessum ákvæðum, þar með taldar undirbúningsframkvæmdir, skulu að öllu leyti lúta þeim fyrirmælum um tæknilegan og fjárhagslegan undirbúning sem gilda um framkvæmdir samkvæmt lögum nr. 49/1967 og ákvæðum reglugerðar þessarar.

16. gr.

Í samningi samkvæmt 9. gr. skal nánar kveðið á um hvernig hagað skuli greiðslum á framlögum ríkissjóðs og sveitarfélaga. Ríkissjóður greiðir framlög sín í sérstakan reikning í banka eða sparisjóði samkvæmt nánari ákvörðun í samningi. Sami háttur skal á hafður um greiðslu á framlagi sveitarsjóða.

Við ákvörðun fyrstu framlaga skali tekið tillit til þess undirbúningskostnaðar sem sveitarfélög kunna að hafa greitt og ráðuneytið viðurkennir sem stofnkostnað.

Ríkissjóður greiðir framlög sín að undanenginginni greiðslu sveitarfélaga í heim hlutföllum sem kveðið er á um í samningi. Greiðslur ríkissjóðs vegna beins byggingarkostnaðar skulu þó aldrei vera hærra hlutfall af heildarframlagi en hér segir, sbr. þó 3. mgr. 14. gr. laga nr. 49/1967 um skólakostnað:

- 25% þar til botnplata er stevpt.
- 35% þar til bygging er fókheld.
- 60% þar til bygging er tilbúin undir tréverk.
- 95% þar til úttekt á byggingu fer fram.

Sveitarstjórnir skulu leggja fram vottorð viðkomandi byggingarfulltrúa eða annars byggingarfróðs manns, sem ráðuneytið samþykkir, þegar ofangreindum byggingarstigum er náð.

17. gr.

Nú telur sveitarstjórn hagkvæmara að kaupa húsnæði en ráðast í byggingu og skal hún þá senda menntamálaráðuneytinu umsókn um heimild til þess.

Með umsókn skal fylgja lýsing á umræddu húsnæði ásamt uppdráttum, enn fremur tillaga að kaupsamningi eða álit sveitarstjórnar um hugsanlegt kaupverð og greiðsluskilmála.

Ef gera þarf breytingar á húsnæðinu fer eftir ákvæðum 4. gr. hér að framan. Um meðferð umsóknar um kaup á húsnæði fer eftir ákvæðum þessarar reglugerðar eftir því sem við getur átt.

18. gr.

Ef verk, sem reglugerð þessi tekur til, er ekki í heild unnið samkvæmt útboði ber sveitarstjórn að haga bókhaldi um kostnað við verkið samkvæmt bókhaldsreglum sem ráðuneytið samþykkir.

19. gr.

Beiðni um greiðsluúttekt skal berast ráðuneytinu eigi síðar en viku áður en óskað er að hún fari fram.

Þegar verklegri framkvæmd er talið lokið skal fara fram úttekt á henni þar sem sannreynt sé að framkvæmd sé í samræmi við samning aðila, svo og teikningar og ákvæði verksamninga.

Tilkynna skal ráðuneytinu skriflega með minnst þriggja vikna fyrirvara hvenær lokaúttekt getur farið fram.

Lokaúttekt skal framkvæmd af tveim byggingafróðum mönnum, öðrum tilnefndum af sveitarfélögum eða framkvæmdaaðila á vegum þeirra og hinum tilnefndum af ráðuneytinu.

Ef þessir tveir menn koma sér ekki saman um úttektargerð skal þess beiðst að sýslumaður, bæjarfógeti eða borgardómari skipi oddamann. Úttektargerð þessara þriggja manna skal liggja fyrir innan tveggja vikna frá útnefningu oddamanns og er hún endanleg.

Við úttekt skal kanna hvort verkinu sé að fullu lokið og hvort það sé í samræmi við teikningar og verklýsingar. Ef verki er ekki að fullu lokið eða það er í ósamræmi við teikningar og verklýsingar skal þess getið í úttektargerð hverju áfátt sé eða hvað sé öðruvísi en áætlað var. Séu ágallar verulegir skal fram fara ný úttekt þegar úr hefur verið bætt, og er ríkissjóði heimilt að halda eftir lokagreiðslu uns endanleg úttektargerð liggur fyrir.

Hvor aðili um sig, sveitarfélög eða ráðuneyti, getur óskað eftir að úttekt fari fram á þeim hlutum verksins sem:

a) síðar verða óaðgengilegir

eða

b) teknir verða í notkun áður en lokaúttekt fer fram.

Slík úttekt nefnist hlutaúttekt.

Æski ráðuneytið að verksali og iðnmeistarar mæti við úttektir skal byggingarstjóri eða forráðamenn framkvæmdaaðila sjá um að þeir verði boðaðir með nægum fyrirvara.

Kostnað við úttekt greiðir hvor aðili um sig, ráðuneyti og sveitarfélög.

20. gr.

Við hönnun húsnæðis, sem reglugerð þessi tekur til, skal þess gætt að fötluðu fólki sé gert sem auðveldast að komast inn í húsin, fara um þau og nota þau.

21. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 63/1974 um grunn-skóla og lögum nr. 49/1967 um skólakostnað öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 159/1969 um stofnkostnað skóla, nema hvað miða skal við ákvæði í fylgiskjölum þeirrar reglugerðar uns nýjar reglur hafa verið gefnar út. Ákvæði 11. gr. reglugerðarinnar skulu taka til skólabygginga sem hafnar eru með samþykki ráðuneytisins eftir 1. janúar 1978.

Menntamálaráðuneytið, 30. ágúst 1978.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

21. ágúst 1978.

Nr. 346.

AUGLÝSING

um staðfestingu á gjaldskrá fyrir Sundlaug Akureyrar.

Ráðuneytið hefur staðfest nýja gjaldskrá fyrir Sundlaug Akureyrar:

Aðgangseyrir fyrir fullorðna	kr. 250.00
Aðgangseyrir fyrir börn	— 100.00
10 miða kort fyrir fullorðna	— 1 600.00
10 miða kort fyrir börn	— 500.00
Handklæði og sundföt	— 200.00

Auglýsing þessi birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. ágúst 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón S. Ólafsson.

29. ágúst 1978.

Nr. 347.

ERINDISBRÉF

hjúkrunarforstjóra við heilsugæslustöð.

1. gr.

Hjúkrunarforstjóri er skipaður af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Hann skal hafa lokið námi í hjúkrunarfræði og hafa hjúkrunarleyfi.

2. gr.

Hjúkrunarforstjóri skal vera ábyrgur gagnvart heilbrigðis- og tryggingamála-ráðuneytinu og stjórn heilsugæslustöðvarinnar.

Honum skal heimilt að sitja stjórnarfundum og hafa þar tillögurétt og málfrelsi.

3. gr.

Störf hjúkrunarforstjóra eru í aðalatriðum eftirfarandi:

Hjúkrunarstörf eftir því, sem nauðsyn krefur.